

STJÓRNARFUNDUR SSVN HALDINN Á LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI, ÞRIÐJUDAGINN 26. FEBRÚAR 2013 KL 12:00

Þriðjudaginn 26. febrúar 2013 kom stjórn SSVN saman til fundar á Löngumýri í Skagafirði. Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnáði.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
- 2. Óendurskoðuð rekstarniðurstaða SSVN og SSVN atvinnuþróunar 2013.**
Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti bókfærða rekstarniðurstöðu SSVN og SSVN atvinnuþróunar árið 2012, skýrði einstaka liði og frávik frá áætlun.
- 3. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags 19. Febrúar 2013 varðandi áætlunarflug á Sauðárkrók.** Í bréfinu er fellst ráðuneytið á ósk SSVN sem sett er fram í bréfi dags. 31. janúar 2013 um 10 milljóna króna framlag til þess að styrkja tilraunverkefni um áætlunarflug milli Sauðárkróks og höfuðborgarinnar árið 2013. Jafnframt kemur fram að ráðuneytið hafi falið Vegagerðinni framkvæmd málsins. *Stjórn SSVN fagnar ákvörðun ráðuneytisins og felur framkvæmdastjóra að vinna að samningsgerð við Vegagerðina.*
- 4. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 15. Janúar 2013 varðandi framlög vegna kostnaðar við gerð sóknaráætlunar landshluta 2012.** Í bréfinu er kynnt ákvörðun jöfnunarsjóðs um skiptingu framlaga milli landshlutasamtakanna til þess að standa straum að kostnaði við gerða sóknaráætlana landshluta á árinu 2012. Við úthlutun framlags voru eftirfarandi fjárhæðir og viðmið lögð til grundvallar.
 - Varið var 6 mkr. Hlutfallslega vegna stærðar hvers svæðis í km² undir 200 m. Yfir sjávarmáli. Gengið var út frá heildarstærðinni 33.359 km².
 - Varið var 7 mkr hlutfallslegar þar sem mat var lagt á vægi hvers svæðis hvað vegalengdir og mögulegan ferðamáta til Reykjavíkur varðaði sem hér segir
 - Vægi 0 = Stuttar vegalengdir (0,00%)
 - Vægi 1 = Fjöldi kílómetra til Reykjavíkur innan við 200 km báðar leiðir. (6,67%)
 - Vægi 3 = Fjöldi kílómetra til Reykjavíkur fleiri en 200 km. Báðar leiðir (20,00%)

Að auki skiptist framlag kr 12 milljónir jafnt milli landshlutasamtakana 8.
Á grundvelli framangreinds nam framlag til SSVN vegna gerðar sóknaráætlunar 2012 kr 3.626.820.
- 5. Sóknaráætlun Norðurlands vestra – næstu skref.** Umræður urðu um næstu skref í gerð sóknaráætlun Norðurlands vestra og mótun lengri tíma stefnu. Sóknaráætlun ársins 2013 var skilað til stýrinets ráðuneyta þann 15. Febrúar 2013 og er hún aðgengileg á heimasíðu SSVN ásamt fleiri gögnum er varða gerð Sóknaráætlunar.
Eftirfarandi gögn voru lögð fram undir þessum lið til kynningar.
 - a) t.- póstur Stýrinets ráðuneyta frá 22. Febrúar 2013 varðandi almennar ábendingar um form sóknaráætlana landshluta. Framkvæmdastjóri mun eiga símafund með fulltrúum stýrinets þann 5. Mars n.k þar sem farið verður yfir ábendingar varðandi Sóknaráætlun Norðurlands vestra.
 - b) Fundargerð stýrinets ráðuneytanna frá 31. Janúar 2013.
- 6. Bréf Byggðastofunnar dags 25. Janúar 2013 varðandi skiptingu fjármagns til atvinnuþróunarfélagana á árinu 2013.** Í bréfinu er kynnt samþykkt stjórnar Byggðastofnunar um reiknilíkan varðandi skiptingu fjár til atvinnuþróunarfélagana árið

2013. Gengið er út frá landfræðilegri stærð starfssvæðis atvinnuþróunarfélagana sem og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda.

Vægi vinnusóknarsvæða er eftirfarandi.

A-Stærstu vinnusóknarsvæðin

10. Einingar

B-Stærstu vinnusóknarsvæði annarra félaga

10. Einingar

C- Önnur stærri vinnusóknarsvæði

6. Einingar

D- Miðlungs vinnusóknarsvæði

3. Einingar

E- Lítil vinnusóknarsvæði

1. Eining

Í bréfinu kemur einnig fram að stjórn Byggðastofunnar hafi ákveðið að á árinu 2013 skuli öll atvinnuþróunarfélög fá að lágmarki sömu krónutölu og árið 2012 og er veitt 1. Milljón króna aukalega til þess að ná því markmiði.

Á grundvelli framangreinds nemur framlag til SSNV atvinnuþróunar árið 2013 19,2 milljónum króna sem er sama krónutala og árið 2012. *Stjórn SSNV lýsir þungum áhyggjum af því að framlag Byggðastofunnar til SSNV atvinnuþróunar rýrni að raungildi milli ára.*

7. **Ákvörðun um tímasetningu 21. ársþings SSNV 2013.** Stjórn SSNV samþykkir að 21. ársþing SSNV fari fram dagana 18.-19. Október 2013 í Sveitarfélaginu Skagafirði.

8. **Fundargerðir**

- a. **Fundur Vinnumarkaðsráðs Norðurlands vestra 24. Janúar 2013.** Lögð fram til kynningar.
- b. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 25. Janúar 2013.** Lögð fram til kynningar.

9. **Almenningssamgöngur**

- a. **Upplýsingar varðandi stöðu mála vegna frumvarps um farm og fólksflutninga.** Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem haldinn var í Innanríkisráðuneytinu þann 15. Febrúar s.l þar sem kynnt var staða vinnu við gerð nýs frumvarps um fólks og farmflutninga. Undir þessum lið var lögð fram til kynningar umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarpið.

Stjórn SSNV lýsir yfir þungum áhyggjum af því úrræðaleysi sem nú ríkir varðandi vernd á einkaleyfis landshlutasamtakanna á skipulagi almenningssamgangna sbr. 1 mgr. 7.gr. laga nr 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Stjórnin minnir á að með samningi SSNV og Vegagerðarinnar um almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra er dags. 29. des 2011 er SSNV veitt einkaleyfi í skipulagningu almenningssamganga á starfssvæði samtakana á grundvelli framangreinds lagaákvæðis og er það ein af megin forsendum samningsins. Stjórnin hvetur því Innanríkisráðuneytið til þess að leita allra leiða til þess að raunhæf úrræði um vernd einkaleyfis landshlutasamtakanna nái fram að ganga sem allra fyrst.

10. **Frumvörp og þingsályktanir til umsagnar**

- a. Tillaga til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, 84. mál. Veitir ekki umsögn.
- b. Frumvarp til laga um [náttúruvernd](#) (heildarlög), 429. mál. Lögð fram umsögn Sambandsins um frumvarpið. *Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambandsins.*

11. **Önnur mál.**

- a. **Skotlandsferð 7.-11. apríl 2013.** Rætt um fyrirhugaða Náms og kynniferð sveitarstjórnarmana á Norðurlandi vestra til Skotlands

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:30 Jón Óskar Pétursson fundarritari